

Alþingi
Erindi nr. P 125/205
komudagur 24.11.1999

Allsherjarnefnd Alþingis,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, formaður,
Alþingi við Austurvöll,
Reykjavík

Efni: Niðurlagning eða sameining embætta sýslumanna.

Sem kunnugt er liggur nú fyrir hinu háa Alþingi frumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á lögum nr. 92/1989 um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Með breytingunni er m.a. fyrirhugað að fækka stjórnarsýsluumdæmum sýslumanna úr 27 í 26 með því að leggja embætti sýslumannsins í Neskaupstað niður og stækka stjórnarsýsluumdæmi sýslumannsins á Eskifirði sem því nemur. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu er þessi breyting fyrirhuguð vegna sameiningar þessara sveitarfélaga ásamt Reyðarfjarðarhreppi í eitt sveitarfélag, sem tók gildi 7. júní 1998. Í texta laganna er gert ráð fyrir þeirri breytingu einni að í stað tölunnar "26" í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: "25" og að 17. tölul. 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. fellur brott (orðið Neskaupstaður).

Nú þykir það nokkuð ljóst, að ekki verður látið staðar numið við fækkun sýslumannsembætta á næstu árum með því að fækka þeim vegna hugsanlegrar sameiningar sveitarfélaga, sem áður heyrðu hvort eða hvert undir sinn sýslumann. Hefur t.a.m. tvisvar á þessum áratug verið lagt fram frumvarp þess efnis, að embætti sýslumannsins í Bolungarvík verði lagt niður, þótt þau áform hafi enn ekki náð fram að ganga. Því skal ekki mótmælt, að margt mælir með því að embættum sýslumanna verði fækkað og starfsemi þeirra færð í færri og stærri einingar. Á hinn bóginn verður að telja það nokkuð misráðið að slík áform byggji á því að leggja niður embætt, eins og gert er ráð fyrir í athugasemdum með frumvarpinu, í stað þess að sameina tvö eða fleiri aðliggjandi embætti, sem ekki sýnist á neinn hátt þurfa að vera viðurhlutameiri aðgerð. Rök með því að sameina embætti fremur en að leggja þau niður eru fyrst og fremst þau, að við niðurlagningu embættis sem annað tekur yfir mega starfsmenn þess embættis sem sætir niðurlagningu í mörgum tilfellum gera ráð fyrir að missa störf sín í framhaldinu en starfsmenn þess embætti sem yfirtekur starfsemina halda væntanlega allir sínum störfum. Það er starfsmönnum þeirra embætta sem leggja á niður því lítið tilhlökkunarefni ef fyrirhugað er að ná hagræðingu fram með framangreindum hætti og ekki mikils áhuga að vænta hjá þeim á slíkum aðgerðum. Við sameiningu má hins vegar gera ráð fyrir að allir starfsmenn þeirra embætta sem í hlut eiga eigi jafna möguleika á áframhaldandi störfum, að teknu tilliti til hæfni og reynslu. Þeir sem hæfastir teldust eða reynslumestir úr hópi starfsmanna þeirra embætta sem sameina ætti ættu þess því kost að halda störfum sínum, eftir atvikum á nýjum vinnustað, án tillits til þess við hvaða embætti þeir störfuðu áður. Þá hljómar það aldrei vel í eyrum gagnvart sveitarfélögum og íbúum þeirra ef rætt er um að leggja eigi niður embætti sem þar eru starfrækt.

Víðast hvar þar sem verið er að fækka starfseiningum á vettvangi ríkis eða sveitarfélaga er það gert með því að sameina þær í stærri einingar. Má þar nefna sveitarfélög, heilbrigðisstofnanir, ráðuneyti, kirkjusóknir, o.sfrv. Því þykir mega hvetja til þess, að svo verði búið um hnúta við hugsanlega fækkun embætta sýslumanna, bæði nú og í framtíðinni, að þau verði sameinuð og að allt starfsfólk þessara embætta sitji við sama borð. Með því móti má fremur gera ráð fyrir að góð sátt náist um nýtt fyrirkomulag.

Virðingarfyllst,
Jónas Guðmundsson (undirt.),
sýslumaður í Bolungarvík

Afrit :
Dómsmálaráðuneytið,
Sýslumannafélag Íslands